

Ed.

718. Frumvarp til girðingalaga.

[134. mál]

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Girðingar í lögum þessum, þegar annars er ekki getið, eru 5 strengja gaddavirsgirðingar, einn metri á hæð frá jafnsléttu og ekki lengra milli jarðfastra stuðla (stólpa) hennar en 6 metrar, eða girðing, er jafngildir henni að vörzlunotum. Stórgripagirðingar, sem einstakir menn setja upp í heimalöndum, séu ávallt þannig gerðar, að minnst 65 cm séu frá jörðu upp að vírstreng.

2. gr.

Þegar lögð er girðing af leiguliða, fer um skyldur jarðeiganda við burtför ábúandans eftir sömu reglum og um hús á jörðinni sé að ræða, sbr. 13. gr. ábúðarlaga.

Girðingar, sem ríkistillag hefur verið greitt vegna eða lán veitt til með veðrétti á jörðu, skulu jafnan fylgja jörðinni og þeim við haldið meðan lánið er ekki að fullu greitt (eða styrkur ekki endurgreiddur), en heimilt er að fengnu samþykki lánveitanda að flytja girðingar þangað, sem þær koma jörðinni að meira gagni.

3. gr.

Nú fer jörð í eyði, svo að eigi er til ætlazt, að hún byggist aftur, sbr. 4. kafla jarðræktarlaga, og verða eigi lengur nein not af girðingunni fyrir jörðina, og losnar þá jarðeigandi við þá skyldu að halda henni við og er heimilt að taka hana upp, fái hann ekki efni hennar endurgreitt með matsverði frá meðeigendum.

Nú telja þeir, er dæma jörðina ekki ábúðarhæfa, að nágrannajörð eða jarðir geti haft not af girðingunni eða hluta úr henni, og skal þá viðhaldsskyldan að þeim hluta færast yfir á ábúanda þeirrar jarðar, enda á hann rétt á að kaupa girðinguna eða þann hluta hennar, er hann hefur gagn af, eftir mati úttektarmanna.

4. gr.

Vilji eigandi eða notandi ræktunarlanda í þorpum og bæjarfélögum girða land sitt, skal hann með árs fyrirvara tilkynna það öllum þeim, er land eiga á móti því landi, sem hann vill girða. Þeim, sem eiga þannig aðliggjandi, útmældar ræktunarlóðir, er skylt að taka þátt í kostnaði við girðinguna til jafns við þann, sem vill girða, ef um virgirðingu er að ræða, að tiltölu við lengd girðingarinnar fyrir landi hvers eins. Þetta gildir þó ekki um það land, sem liggur að götu í bæ eða kauptúni.

5. gr.

Nú vill ábúandi eða eigandi jarðar, sem er í ábúð, girða land sitt, og hefur hann þá rétt til að krefjast, að sá eða þeir, sem land eiga að hinu fyrirhugaða girðingarstæði, greiði allt að helmingi girðingarkostnaðarins, eftir þeim fyrirmælum, er um getur í 6. gr. Krafan um samgirðingu skal fram borin eigi síðar en ári áður en verkið er hafið, og hefur hver aðili rétt til að leggja fram efni, flutning og vinnu í hlutfalli

við þátttöku sína í kostnaðinum. Neiti sá, er samgirðingar er óskað við, þátttöku í framkvæmd verksins eða útvegum efnis, getur sá, er vill girða, sett hana upp og þá krafizt endurgreiðslu á þeim hluta girðingarkostnaðarins, er hinum ber að greiða. Þurfi sá, er samgirðingar er krafinn, að taka lán vegna girðingarkostnaðarins, ber þeim, er girðingarinnar krefst, að aðstoða hann við útvegum þess, sé það nauðsynlegt að dómi matsmanna.

6. gr.

Nú geta aðilar ekki orðið ásáttir um raunverulegan girðingarkostnað eða hlutdeild hvors um sig í honum, og skulu þá úttektarmenn þess hrepps, er hlutaðeigendur eru búsettir í, framkvæma mat á ágreiningsatriðunum samkv. 7. gr. Liggi girðing milli jarða, sem ekki eru í sama hreppi, skal hvor aðili tilnefna einn mann úr hópi úttektarmanna þess hrepps, sem hann er búsettur í, til að framkvæma matið.

Verði ágreiningur milli matsmanna, tilnefnir lögreglustjóri þrjá menn í yfirmat, og skulu þeir skera úr ágreiningnum. Liggi girðingin á mörkum lögsagnarumdæma, tilnefna hlutaðeigandi lögreglustjórar eða sýslumenn 2 menn hvor, og gengur einn þeirra úr eftir hlutkesti, hinir framkvæma svo matið.

Kostnað við matið greiða aðilar eftir sömu hlutföllum og girðingarkostnaðinn, og ákvarða matsmenn, hverju hann nemur.

7. gr.

Nú telur sá, er samgirðingar er krafinn, sig lítil not eða jafnvel óhag hafa af girðingunni, og getur hann þá neitað að taka að hálfu þátt í kostnaði við uppsetningu og viðhald hennar. Náist ekki samkomulag, skulu matsmenn þeir, er um ræðir í 6. gr., meta, hvert gagn hver um sig hefur af girðingunni, og skiptist kostnaðurinn eftir því. Þó skal sá, er krafinn er þátttöku, aldrei greiða minna en $\frac{1}{4}$ kostnaðar og ekki meira en helming. Undantekning frá þessu er, þegar girðing er sett samkvæmt samþykkt (sbr. 17. gr. og 20. gr.) á milli afréttar og heimalands, en þá er ábúanda ekki skylt að taka þátt í girðingarkostnaðinum, ef girðingin verður ekki metin honum til verulegra hagsmuna, og aldrei meira en tilsvarandi við þá, er að samþykktinni standa, og sé hann á samþykktarsvæðinu, þá aðeins eftir þeim reglum, er samþykktin mælir fyrir um.

Vilji ábúendur eða eigendur jarða, er liggja að afrétt, girða milli afréttarinnar og heimalanda sinna, skulu eigendur eða notendur afréttarinnar greiða $\frac{3}{4}$ hluta stofnkostnaðar girðingarinnar. Um girðingarkostnað milli afréttarlanda gilda sömu reglur og um landamerkjagirðingar sé að ræða. Viðhaldskostnaður greiðist í sömu hlutföllum og stofnkostnaður.

8. gr.

Nú eru lagðar girðingar fyrir ríkisfé til varnar útbreiðslu búfjársjúkdóma, án framlags frá ábúendum eða eigendum viðkomandi jarða, og einstaklingum eða sveitarfélögum er gefinn kostur á þeim girðingum, og gilda þá sömu reglur um greiðslu á andvirði þeirra og viðhald, eftir því sem við á, eins og um aðrar þær girðingar, er lög þessi hafa sett reglur um.

9. gr.

Nú er vegur lagður gegnum tún eða ræktunarland, og skal þá sá, sem veginn leggur, kosta efnið í girðinguna háðum megin vegarins eða leggja til ristarhlið ásamt grindarhliði, ef vegamálastjóri telur það hentugra. Sama gildir, ef girðing er lögð umhverfis slík lönd, er vegur liggur um þau, enda sé girðingin nauðsynleg vegna nytja landsins.

Eigendum vega er heimilt að girða meðfram vegum sínum, þótt ekki sé þess krafizt af landeiganda. Þó skal vegareiganda skylt að setja hlið á slíka girðingu, ef þörf er á að dómi matsmanna.

Þegar vegur er lagður gegnum girt beitiland eða engjar, skal sá, er veginn leggur eða annast um, leggja til ristar og grindur í hlið á veginn eða helming efnis í girðingu meðfram honum, ef hann telur það hentugra. Nú er girðing lögð milli afrétta og heimalanda, er liggur yfir vegi, eða vegir eru lagðir í gegnum hana, og telja matsmenn girðinguna nauðsynlega, og ber þá þeim, er veginn annast, að leggja til hlið á veginn og annast viðhald þess.

10. gr.

Nú er girðing gerð á landamerkjum, og skal hún þá svo reist, að á hvorugan sé gengið, sem land á að henni. Innlent efni skal, eftir því sem með þarf, taka að jöfnu úr þeim löndum, sem að henni liggja.

Nú ræður landamerkjum krókóttur vainsfarvegur eða merki liggja í smákrókum af öðrum ástæðum, en landeigandi vill girða beint, og vill sá eigi samþykkja, er land á á móti, þá skal það þó heimilt, ef úttektarmenn (sbr. 6. gr.) meta, að eigi séu gildar ástæður til að banna girðinguna; skulu þeir þá ákveða girðingunni stað, og skal það gert þannig, að sem jafnast sneiðist bæði löndin. Nú fer þó svo, að meira sneiðist annað landið, og skal þá meta skaðabætur þeim, er landið missir. Réttur til annarra afnota en engja og beitar helzt þó óbreyttur, nema samkomulag verði um, að girðing skipti löndum til fullnustu.

11. gr.

Skylt er að halda öllum girðingum svo vel við, að búfé stafi ekki hætta af þeim.

Samgirðingu, sem lögð er samkvæmt ákvörðun 5. og 7. gr., er skylt að halda við, þannig að hún sé fjárheld svo fljótt sem verða má eftir að snjóá leysir af henni að vorinu og þar til snjó leggur á hana að hausti eða vetri. Vanræki annar hvor aðili viðhald hennar að sínum hluta, er hinum heimilt að gera við hana á kostnað eiganda. Nú sýnir eigandi samgirðingar vísitandi hirðuleysi í þessu efni, svo að sameigandi hans í girðingunni eða aðrir verða af þeim sökum fyrir sannanlegu tjóni, og á hann þá rétt til bóta frá þeim, sem olli.

Valdi vanræksla í þessu efni skaða á búfé, varðar það sektum og skaðabótum til fénaðareiganda.

12. gr.

Girðingar úr sléttum vír eða vírneti má hvergi setja nær vegi en 1 metra frá vegjaðri og ekki nær en 3 metra frá miðjum vegi.

Girðingar úr gaddavír séu hvergi nær en 4 metra frá vegjaðri og 6 metra frá miðjum vegi. Þar sem skurðir eru meðfram vegi, skal metrabreið ræma af ytri skurðbakkanum teljast til vegarins, og má ekki gera girðingar á henni án sérstaks leyfis. Þegar girt er meðfram vegum á óræktuðu landi og skurður litt fær eða ófær fénaði er á aðra hlið, má hlið frá veginum að girðingu á hina hlið vegarins eigi vera minna en 5 metrar.

13. gr.

Enginn má gera girðingu yfir veg með grindarhliði fyrir veginum, nema með leyfi vegamálastjóra, ef um þjóðveg eða fjallveg er að ræða, en með leyfi sýslunefndar, sé um sýsluveg að ræða, og leyfi hreppsnefndar, sé um aðra vegi að ræða. Synjun sýslunefndar um slík leyfi á sýsluvegum má skjóta til úrskurðar vegamálastjóra, og er úrskurður hans fullnaðarúrskurður; synjun hreppsnefndar um leyfi má skjóta til úrskurðar sýslunefndar. Sama bann gildir þar, sem mælt hefur verið fyrir vegi, enda hafi vegamálastjóri tilkynnt jarðarabúanda, hvar mælt hafi verið. Um kostnað og viðhald slíkra hliða fer eftir fyrirmælum 9. gr.

14. gr.

Nú er leyft að setja girðingu yfir veg með grindarhliði fyrir veginum, og skal þá hliðið vera að minnsta kosti 3 metra breitt á reiðvegi, en 4 metra breitt á akfærum

vegi. Skal grindin vera svo gerð, að opna megi með því að taka til hendi af hestbaki og haldist opin, meðan farið er um hliðið. Skytt er vegfarendum að loka löglega gerðum hliðum á eftir sér.

15. gr.

Skytt er að halda við girðingum og hliðum á þeim, svo að aldrei geti þær eða þau hindrað eða bagað umferð um veginn. Þyki vegaverkstjórum þessa ekki gætt, skulu þeir áminna girðingareigendur og gefa þeim hæfilegan frest til að koma girðingunni eða hliðinu, ef þeir eiga að annast viðhald þess, í lag, en verði það ekki gert, er vegamálastjóra heimilt að úrskurða, að viðgerðin skuli framkvæmd á kostnað þess, er viðhald girðingarinnar á að annast.

16. gr.

Nú liggur vegur eða stigur eða vetrarleið (akbraut) yfir land manns og telst eigi til neins vegaflokks, og er landeiganda þá heimilt að gera girðingu yfir þann veg með hliði fyrir veginum, en eigi má hann hindra umferð um þann veg, nema hreppsnefnd leyfi. Neiti hreppsnefnd um slíkt leyfi, má skjóta málinu til hlutaðeigandi sýslunefndar, er leggur á það endanlegan úrskurð.

17. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gera samþykktir fyrir stærri eða minni svæði innan sýslu um samgirðingar til varnar gegn ágangi búfjár, um tilhögun þeirra, stofnkostnað og viðhald og um beit innan girðingarinnar.

18. gr.

Nú koma fyrir sýslunefnd óskir um að gera samþykkt samkv. 17. gr. Telji hún þær hafa við sterk rök að styðjast, skal hún þá eða oddviti hennar kveðja til fundar með nægum fyrirvara á svæði því, er samþykktinni er ætlað að ná yfir. Atkvæðisrétt á þeim fundi hafa allir, sem á nefndu svæði hafa jörð eða jarðarluta til afnota. Sýslunefnd ákveður fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin kýs til þess, tiltekur fundardag og stjórnar fundi.

19. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 18. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþykktar, er áður hefur verið samþykkt af sýslunefndinni. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt að efni með $\frac{2}{3}$ hlutum atkvæða, þeirra er fundinn sækja og samþykktin nær til, sendir sýslumaður það til stjórnarráðsins til staðfestingar og lög-gildingar. Eins fer um frumvarpið, þó að fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþykktar með $\frac{2}{3}$ hlutum atkvæða og sýslunefnd fellst á þær. En vilji sýslunefnd ekki fallast á breytingartillögur, er samþykktarfundur gerir, skal kveðja til nýs fundar. Fallist fundurinn þá á frumvarpið óbreytt með $\frac{2}{3}$ hlutum atkvæða, fer um það svo sem fyrr segir.

20. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að gera samþykktir fyrir stærri eða minni svæði innan sveitar um hið sama efni og til er tekið í 17. gr. Er öll meðferð samþykktar þá hin sama og 18. og 19. gr. skípa fyrir um, nema hreppsnefnd kemur þá hvarvetna í stað sýslunefndar og oddviti hreppsnefndar í stað oddvita sýslunefndar.

21. gr.

Nú er samþykkt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og virðist stjórnarráðinu hún koma í hága við grundvallarreglur laga eða réttinda manna, og er samþykktin þá endursend ásamt synjunarástæðum stjórnarráðsins.

Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþykktina, skipar fyrir um birtingu hennar og tiltekur, hvenær hún öðlast gildi. Upp frá því er hún skuldbindandi fyrir alla þá, sem búa á því svæði, er hún nær yfir.

22. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 200—2000 kr., er renna í sýslusjóð. Sömu leiðis má ákveða fyrir brot móti samþykkt, er gerð kann að verða samkvæmt þessum lögum, sektir frá 200—2000 kr., er renni í sýslusjóð, ef um sýslusamþykkt er að ræða, eða í sveitarsjóð, ef brotið er móti hreppssamþykkt.

23. gr.

Með brot móti lögum þessum og samþykktum, sem gerðar kunna að verða samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

24. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin girðingalög, nr. 66 22. nóv. 1913, svo og önnur ákvæði, er koma í bága við lög þessi.